

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Skógar ehf.
kt. 520776-0879

Starfsstöð: Strönd, 701 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-5248

Leyfið gildir frá dd. mmm 2026 til dd. mmm 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Sölu á gistingu
- Vatnsveitu sem þjónar starfsemi

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og matvælalaga nr. 93/1995 m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemi kanna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi skal vera aðgengilegt á starfsstöð.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Skógar ehf., kt. 520776-0879
Starfsstöð: Strönd, 701 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-5248

Leyfið gildir frá dd. mmm 2026 til dd. mmm 2038

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Sölu á gistingu
- Vatnsveitu sem þjónar starfseminni

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum, á grunni umsóknar dags. 14. febrúar 2026.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

Lög nr. 93/1995 um matvæli m.s.br.

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem Reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti m.s.br.

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Sala á gistingu

Um er að ræða starfsleyfi fyrir sölu á gistingu í húsi á jörð Strandar. Á efri hæð eru 3 svefnherbergi, hvert um sig fyrir 2 gesti, samtals 6 manns. Á neðri hæð er stofa, eldhús, salerni og sturta.

Meðal annars skal farið eftir:

- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Fylgiskjal 1. Starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, fjallaskála og frístundahús.

1.2. Vatnsveita

Um er að ræða einkavatnsveitu í rekstri starfsleyfishafa. Vatnsveitan er borhola sem tekin var í notkun 2025 og stendur um 80m austan við bæinn.

Meðal annars skal farið eftir:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Innra eftirlit vatnsveitu

Til þess að tryggja gæði og öryggi neysluvatns ber rekstararaðila að viðhafa innra eftirlit vegna starfseminnar. Eftirtalda þætti þarf að skoða að lágmarki árlega en oftast ef þurfa þykir:

- Athuga girðingar umhverfis vatnsból og lafæra þær ef þurfa þykir.
- Athuga hvort hætta sé á að meindýr komist í vatnsbólið.
- Ganga úr skugga um að ekkert sem spillt geti vatnsbóli sé í nánasta umhverfi þess. Sérstaklega er athugað að dýrahæ og annað sem valdið geti mengun séu fjarlægð.

Þá þarf að fylgjast reglulega með síum í vatnsleiðslum og krönum. Skipta skal um síurnar eftir þörfum.

Ef vart verður við óeðlilega breytingu á neysluvatni skal taka sýni til rannsóknar á viðurkenndri rannsóknarstofu. Sama gildir ef vart verður mengunar í nágrenni vatnsbóls sem ætla mætti að geti spillt gæðum neysluvatns.

2. Annað sem varðar starfsemina.

2.1. Fráveita

Fráveita frá húsinu er leidd í 3000-4000l rotþró. Krafa er um að starfsleyfishafi fylgist vel með rotþróinni og grípi strax til aðgerða verði mengunar vart. Heilbrigðiseftirlit Austurlands áskilur sér rétt á að gera kröfur um lagfæringar og eða stækkun fráveituvirkja sé þess þörf.

Um fráveitur gilda m.a.

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

2.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinnna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku samkvæmt reglum þar um.

Um úrgang gilda m.a.

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

2.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

dd. mmm 2026
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn
heilbrigðisfulltrúi